



## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-01114/AIG-08**

Dags: **16. júní 2014**

Staður: **10 NM norðvestur af Þórisvatni**

Lýsing: **Gangtruflanir**

Flugmaður N4931B (Cessna 152) var í sjónflugi frá BIKF til BIEG. Í um 8000 feta hæð 10 NM norðvestur af Þórisvatni varð flugmaðurinn varð gangtruflanir og lýsti yfir neyðarástandi. Hann fór einnig yfir neyðarviðbrögð flugvélarinnar og setti m.a. blöndungshitarann á. Í kjölfarið hurfu gangtruflanirnar, en flugmaðurinn ákvað að snúa við til Keflavíkur. Engar frekari gangtruflanir urðu í fluginu. Skoðun á flugvélinni leiddi ekkert athugasvert í ljós. Samkvæmt Veðurstofu Íslands var hiti í kringum Þórisvatn (um 690 m hæð á svæði mælingar) +11°C og daggarmark +11°C og má því áætla að hiti í 8000 feta hæð hafi verið um -0,5°C (-2°C/1000 ft). Talið er að um tímabundnar gangtruflanir hafi verið að ræða vegna blöndungsísingar sem hafi svo horfið eftir að blöndungshitari var settur á.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 17. september 2014.